

Árið 1971 skulu eftirlaun reiknast sem hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna 1966—1970 án tillits til, hvort hlutaðeigandi hefur notið eftirlauna á árinu 1970.

## 15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18 3. apríl 1970, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

## L Ö G

### um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Orðið heilbrigðistæknir er í lögum þessum notað sem samheiti þeirra, sem lokið hafa viðurkenndu námi tæknimenntaðs starfsfólks við lækningar.

## 2. gr.

Rétt til að starfa hér á landi sem heilbrigðistæknar hafa þeir einir, sem lokið hafa prófi í einhverri grein heilbrigðistækn og hlotið löggildingu heilbrigðismálaráðherra að afloknu bóklegu og verklegu námi.

Ráðherra setur reglugerð með nánari ákvæðum um náms- og menntunarskilyrði fyrir hverja stétt heilbrigðistækna.

## 3. gr.

Rétt til að kall sig hér á landi starfsheiti, sem að mati heilbrigðisyfirvalda fellur undir samheitið heilbrigðistæknir, hafa þeir einir, er hlotið hafa til þess löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

## 4. gr.

Heilbrigðistæknir starfar við heilbrigðisstofnun eða við kennslustofnun heilbrigðisstétta. Ekki má heilbrigðistæknir starfa nema undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

## 5. gr.

Óheimilt er að ráða til heilbrigðistæknistarfa aðra en þá, sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt löggildingu samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða um heilbrigðistækna.

## 6. gr.

Um heilbrigðistækna gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur læknalaga, nr. 80 23. júní 1969.

Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi heilbrigðistækna, um sviptingu löggildingar þeirra og um endurveitingu starfsréttinda.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Auk þeirra reglugerða, sem kveðið er á um í 2. grein, getur ráðherra sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávitastofnanir.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. hljóði svo:

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir eðlilegan dvalarkostnað fávita á viðurkenndu fávita-hæli, hafi vistun hans þar verið úrskurðuð nauðsynleg, sbr. 11. gr.

2. gr.

6. gr. hljóði svo:

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir hæfilegt gjald vegna fávita, sem dvelst á viðurkenndu dagvistarheimili samkvæmt þessum lögum, enda hafi slík dvöl verið úrskurðuð með sama hætti og segir í 5. gr. Aldrei skal þó slíkur kostnaður greiddur hærri fjárhæð en nemur  $\frac{3}{5}$  hlutum þess kostnaðar, sem greiddur er vegna fávita, sem dvelur á aðalfávita-hæli ríkisins.

Ákvæði þessarar greinar skerða ekki rétt fávita til lögboðins lífeyris.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*